

Alþingi
Erindi nr. P 128/991
komudagur 12.2.2003

Til Alþingis. skrifstofa.

þess er óskad að meðfylgjandi erindi
verði komið ífram til umhverfisnefndar
Alþingis
og Jóns Bjarnasonar Alþingismanns.

Með vinsæld og þökk

Raynis Þorgrueinsson.
Raudalæk 63
105 Reykjavík.

líni 5538182.

12.2.2003.

128. löggjafarþing. 2002 – 2003.

Varðar þingskjal 499. – 404 mál.

Varðar aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Umsögn og ábendingar.

Reynir Bergsveinsson atvinnuveiðimaður frá 1955.

Niðurlag.

Samandregið það sem gera þarf til verndar rjúpnastofninum nú eða eftirleiðis.

1. Leyfa ekki önnur vopn til veiðanna en einsskota einhleypur eða tvíhleypur.
2. Stytta veiðitímamann eins og ráð er fyrir gert.
3. Koma í veg fyrir skráningu á veiðinni eftir svæðum.
4. Skerpa á vinnslu vargdýra sem valda of miklu afráni þegar rjúpnastofninn er slakur.
5. Banna allan akstur utan vega og flug til veiða á afréttum.
6. Allt annað sem fram kom í frumvarpinu er ekki til verndar rjúpnastofninum.

Rjúpan – ofveiði – friðun – aðgerðir.

Greinargerð og rök fyrir ofveiði á rjúpu. Ýmislegt varðandi veiðar og friðun.

Til er greinargóð lýsing rjúpnaveiða haustið 1979. Það eru samandregnar skýrslur 16 veiðimanna sem líklega eru félagar í SKOTVÍS. Þessi samantekt var svo birt í fréttabréfi félagsins.

Það má mjög margt lesa út úr þessum gömlu skýrslum og verður það nú dregið fram og útskýrt eða skoðað.

Veiðiskýrslurnar eru kortlagðar nákvæmlega eftir landssvæðum og til þess notað reitakort með númerum. Ljóst er að veiðisóknin liggur á mjög takmörkuðum svæðum.

Frá Ölfusá að Borgarfirði eru skráðar 60 veiðiferðir
Í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og Holtavörðuheiði 22 veiðiferðir.
Á Vestfjörðum 15.
Á Mið-Norðurlandi 12.
Á Suðurlandi 1.

Ljóst er að þessi skráning er ekki spegilmynd af allri veiði á landinu. En telja má nokkuð líklegt að hún gefi mynd af veiðimynstri Reykvíkinga og líkja má þessu við skoðanakönnun sem getur gefið rétta mynd þó úrtak sé lítið.

Fleira er rétt að skoða. Á töflu og korti sést vel hvar veiðist best.

Á Holtavörðuheiði og grennd	veiðast í hverri ferð	15 rjúpur.
“ Rjúpnafelli og grennd	“ “ “	10 “
“ Þorskafjarðarheiði	“ “ “	18 “
“ Dynjandisheiði	“ “ “	11 “
“ Snæfellsnesi, Staðarsveit	“ “ “	15 “
Í Þingeyjarsýslu	“ “ “	12 “

Í 33 veiðiferðum á þessi svæði veiddust 475 rjúpur. Meðalaflinn er 14 rjúpur í ferð. Á öllum öðrum svæðum veiðist miklu minna. Í skýrslunni eru sérstaklega sýnd 3 svæði, Ísafjörður, Reykjanes og Þingvellir. Samantekt sýnir að á þau svæði eru skráðar 39 veiðiferðir þar sem veiddar eru 211 rjúpur, meðalafl í hverri ferð er 5 rjúpur. Þá sést hér að hver veiðimaður fer um það bil 7 sinnum á veiðar. Heildaraflinn varð 876 rjúpur í 110 veiðiferðum og það voru 16 menn sem eru þá að meðaltali með 55 rjúpur á mann.

Nú er talað um að menn hljóti að vera atvinnumenn ef þeir veiða meira en 50 rjúpur. Hér er ekki gott að sjá hve margir þeir eru sem hér veiða svo mikið, en tölfræðilega hafa þeir allir það tækifæri. En með óljósum líkindum er betra að giska á að um helmingur veiðimanna hafi náð því marki.

Mikill munur er á veiði á Þingvallasvæðið og Holtavörðuheði.

Á Holtavörðuheði og grennd gefa 19 ferðir 288 rjúpur.

Á Þingvöllum gefa 27 ferðir 162 rjúpur.

Er ekki hugsanlegt að meiri ásókn, fjöldi veiðimanna, hafi dregið meðalaflann niður á Þingvallasvæðinu.

Í þessum skýrslum kemur mjög vel fram hvar best veiðist, en ekki er þörf að ætla að veiðimenn í SKOTVÍS láti það hafa áhrif á sig því þar á bæ er einingin um skynsamlega veiði tekin fram yfir það að veiða mikið. Aðrir sem sjá þetta blað gætu dregist að hinum kortlögðu svæðum sem sýna hvar best veiðist.

1979 er alls engin veiði kortlögð um austanvert landið.

20 árum síðar birtir ársrit SKOTVÍS í grein eftir Áka veiðistjóra og Bjarna Pálsson.

Nú komast loks Austfirðir á veiðikortið. Það má lesa að á Austfjörðum sem er nálægt 1/6 hluta af landinu sé 31% af rjúpnaveiðinni árið 1998 og að á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum veiðist líka á öllu því svæði 31%.

Í greininni er sagt að stofninn á Austfjörðum sé í vexti þrátt fyrir mikla veiði.

Einhverjir muna kannski eftir því að þetta haust var sagt frá því í fjölmiðlum að straumur veiðimanna færi á Austfirði til veiða. Í sjónvarpi var sagt og sýnt að margar byssur væru á færibandinu eftir flug austur. Varla voru atvinnumennirnir að kaupa flug, gistingu., akstur og fl. Haustið 1998 veiddust á Austurlandi 50.000 rjúpur.

Ekki fór á milli mála að margir veiðimenn notuðu sér þessar upplýsingar sem veiðitölur gáfu og af hverju? Ekki vegna útiveru og hollrar hreyfingar, því hlaut að vera hægt að fullnægja í öðrum landshlutum. Skyldi það vera að veiðivonin, jafnvel syndsamlegar tölur þar sem menn ættu það á hættu að verða stimplaðir atvinnumenn, hafi freistað manna?

Í greininni er tafla sem sýnir að 2.300 veiðimenn veiddu 1 – 10 rjúpur. Líklegt er að þeir hafi verið á veiðum aðallega sunnan og vestan lands. Samanborið við sóknarmynstur 1979. Líklega var ekki nóg af rjúpu þar sem þeir voru.

Gallupkönnun árin 1995 – 2001 sýnir að um 60 þúsund manns borða rjúpu á jólum og magnið sem þeir borða má finna í veiðitölum, 1,8 – 2,5 rjúpur á mann.

Nú er illt í efni. Um 1.200 veiðimenn hafa ekki veitt nóg í jólamatinn og nú er í býgerð að lögfesta það að þeir megi ekki kaupa sér viðbót. Fjölskyldur 3.100 manna sem veiddu meira en 10 rjúpur fá náttúrulega nóg en það eru bara 12.000 manns.

Rúmlega 40 þúsund vantar rjúpu. Eigi að leggja atvinnumennsku niður þá verða þeir bara rjúpnalausir. Það eru öll rök til þess að allir sem veiða meira en fyrir sjálfan sig séu atvinnumenn og það eru ekki bara 10% veiðimanna það eru 3.100 veiðimenn.

Í greininni er einnig að finna áróðurstöflur þær sem SKOTVÍS kaus að halda á lofti frá þessum tíma og áfram. Þær lúta að því að flokka veiðimenn í atvinnumenn eða sportveiðimenn. Engar dagsetningar, engar staðsetningar, ekkert um fjölda ferða, um veiðisvæði eða veiðistofn. Þessi skýrsla getur því aldrei orðið annað en hálf sannleikur eins og hún er fram borin. Tökum aðeins til skoðunar skýrsluna sem er frá árinu 1997. Þar segir að heildarveiðin sé 164.220 rjúpur. Þær veiddu 5.400 veiðimenn, meðal aflinn er 30 rjúpur á mann. Árið 1979 var meðalaflinn í skýrslum SKOTVÍS 54 rjúpur á mann.

Árið 1979 mátti leiða að því líkur að á veiðisvæði sunnan Borgarfjarðar og um Reykjanes og Þingvallasvæði næri nokkurt ofálag þar sem meðalaflinn á því svæði var í hverri veiðiferð mun lægri en víðast annarsstaðar.

Miðað við skýrslurnar sem birtar eru í riti SKOTVÍS árið 1999 má leiða líkur að því að þau áhrif sem 1979 lágu sunnan Borgarfjarðar nái nú um allt Suðurland, Vesturland og Vestfirði. Þó er ljóst að 1979 var kannski meðalaflinn t.d. á Þingvallavæði svo lítill vegna þess hve hann dreifist á marga veiðimenn. Nú er ljóst (20 árum síðar) að á þessum helmingi landsins er ekki til meira af rjúpum en það að þar veiðast aðeins um 30% af heildar veiðinni. Enda kemur veiði álagið langmest frá þéttbýlinu við Faxaflóa.

Líklegt er að Suðurland, Vesturland og Vestfirðir liggja undir stöðugu veiðiálagi sem haldi aftur af stofnstærð. Benda má á að árin 1997 og 1998 var þó einmitt eitthvert hámark í rjúpnastofninum. Árið 1979 virtist veiðast betur fjær Reykjavík. Árið 1998 virtist sú staða enn augljósari. Austfirðir skáru sig úr með sterkasta stofnstærð. Það þarf ekkert annað en hlutfallstölu veiðanna til þess að staðfesta það. 31% á Austurlandi en 8 – 9 – 14 – 17 og 21% í öðrum landshlutum.

Skyldi nú ekki vera fulljóst að á Austurlandi voru bæði haustið 1998 og 1999 langbestir möguleikar til þess að veiðimenn fengju meira en 50 rjúpur og orsökina til þess er í grundvallaratriðum ástand rjúpnastofnsins.

Vélsleðar, fjórhjól, eða sala á villibráð, koma þar ekki neitt málinu við. Þá er ekki nokkur leið að halda því fram að á Austfjörðum væru sportveiðimenn með einhvern kjörafla sem væri 5 – 10 rjúpur á mann en atvinnuruddar væru þeir einu sem veiddu vel.

Rétt eins og fram kemur í skýrslunum frá 1979 þá er alveg ljóst að afli manna fer miklu frekar eftir því hve mikið er af rjúpu og hve margir sækja að henni, heldur en því hvort menn fyrirfram ætla sér að selja hana eða ekki.

Dugnaður manna er einnig það sem helst ræður því hvort menn veiða vel eða illa. Þeir sem geta lagt það á sig að ganga myrkranna á milli veiða að jafnaði vel, kunnugleiki bænda um fjöll og heiðar vegur einnig þungt varðandi árangur.

Bóndi sem gengur til eftirleitar að fé og lendir í rjúpu í leiðinni hann á það til að selja alla veiðina. Annar bóndi á það til að leggja talsvert stund á veiðar til þess að selja veiðina og þær tekjur sem til verða þannig geta skipt verulegu máli. Að sportveiðimenn séu eitthvað öðruvísi, það er sannarlega óframkomlið.

Rjúpnaveiðar eru rótgróin réttindi bænda, og eru þær á stórum svæðum lands, eingöngu á eignarlöndum. Bændur stóðu vörð um hagsmuni rjúpunnar allan fyrri hluta síðustu aldar, og fórst það betur úr hendi heldur en sérfræðingum á síðari hluta aldarinnar. Rjúpan var líka mikill búhnykkur margra bænda. Árin 1924 – 1927 voru seldar úr landi um 250 þúsund rjúpur á ári ef það er reiknað til núvirðis gæti fjárhæðin verið í nánd við 150 – 170 milljónir. kr. árlega. Á fyrri hluta aldarinnar var veiðin og salan algjörlega hjá bændum. Veiðin var undantekningarlaust stunduð annað hvort með rjúpnasnörum (fram um 1930) eða einhleyptum einskota haglabyssum. Fyrstu áratugi aldarinnar voru vel flestir þingmenn úr sveitum landsins, og vegna þeirra miklu fjármuna sem rjúpan gaf þá fór ekki á milli mála að til þess að stofninn næði sér fljótt eftir hrún þá yrði að friða rjúpunna í þrjú ár á sjö ára fresti. Þeir vissu það, og gerðu það.

Nú er Sigmar hjá SKOTVÍS viss um að það sé ekki þannig sem hagsmunum veiðimanna sé best borgið.

Á bls. 23 í Veiðidagbók Veiðistjóra árið 2001 skrifar Sigmar B. Hauksson “Stjórn félagsins telur því hagsmunum félagsmanna betur borgið með því að sett verði bann við sölu á

villibráð til veitingahúsa og verslana fremur en að veiðitíminn sé stytur eða stór landssvæði friðuð.”

Aftur má vitna í sömu bók á sama stað þar sem rætt er um hugmyndina um sölubann og það er Sigmar sem hefur orðið. “Fylgjendur þessarar hugmynda telja að atvinnuveiðar eigi ekki neinn rétt á sér þegar allir hafa nóg að bíta og brenna. Á hitt ber að líta að löng hefð er fyrir atvinnuveiðum á rjúpu og margir landeigendur telja að veiðar á villtum dýrum sé sjálfsögð og eðlileg nýting jarða þeirra.” – “Það er þó rétt að það komi fram hér að jarðeigendur eiga ekki fugla himinsins.”

Það er ótímabær ályktun að allir hafi nóg að bíta og brenna. Sauðfjábændur eru þeir landsetar, sem eru í nánustum tengslum við rjúpnalöndin. Þeir eiga yfirleitt ekki kost á atvinnuleysistryggingum, né öðrum bótum, upp í jólaafslátt kjötverslana í Reykjavík, þeir hafa margoft selt rjúpur svo miklu máli skipti í þeirra afkomu.

Dæmi veit ég um bónda sem notaði tekjurnar til greiðslu afborgana lána ár eftir ár.

Sá sem þessa greinargerð ritar var bóndi í Fremri-Gufudal 1958 – 1982. 16 ára gamall árið 1955 var ég orðinn atvinnuveiðimaður bæði í ref, rjúpu og mink. Allar götur síðan hefur þáttur veiðanna verið verulega stór, rjúpnaveiðin hefur verið stunduð í 48 ár. Afllinn eftir að búskap lauk, hefur verið miðaður við það að vera á göngu í um 2 vikur. Það var mjög auðvelt í haust. Mesti afli 10 rjúpur, marga daga ekki neitt.

Á fyrri árum var veiðin kannski frá 100 rjúpum og upp í 600 á ári.

Alla daga, allt haustið, var eftir því sem frekast var kostur farið á veiðar. Þrisvar sinnum kom ég heim með 63 rjúpur eftir daginn. Ég hafði ekkert samviskubit út af því að þær væru of margar.

Í allri Austur-Barðastrandarsýslu voru aðeins þrír veiðimenn og lengst af mjög fáir aðkomumenn. Rjúpnastofninn tók sveiflum en þær fylgdu ekki alveg öðrum svæðum landsins. Svo þegar lítið var af rjúpu og verðið hærra, þá var ekki lágmarksafli hjá mér, en kannski var þá harðari sókn. En allt var selt. Þá var sölumarkaður í Reykjavík miklu stærri en nú. Nú kaupir varla nokkur verslun nema upp í pantanir.

Á þessum veiðum var eitt aðalatriðið að þurfa ekki að horfa á eftir særðri rjúpu og það endurspegladist í því að það var slæmur dagur ef skotið var fleiri skotum en heimkomnar rjúpur voru.

Það var engin ofveiði í þessum veiðum þær voru eingöngu stundaðar í heimalöndum.

Rjúpnaveiðar eru rótgróin réttindi bænda, að skerða þau er algjörlega fráleitt. Þá er algjörlega fráleitt að halda því fram að sölubann sé friðunaraðgerð. Það miðar eingöngu að því að færa aflann frá einum til annars.

Ef breyta á lögunum í vissu þess að enginn fari eftir því þá er vandséð um tilganginn en nógu erfitt hefur reynst að fá menn til að fylgja einföldum atriðum eins og með Pinnann í magasínið á byssunni.

SKOTVÍS hefur um 3 – 5 ára skeið haldið uppi markvissum áróðri fyrir banni við sölu á villibráð. Til þess hefur verið haldið úti skoðanakönnun og kynningu á tölulegum staðreyndum upp úr henni. En þær tölulegu staðreyndir sem lagðar eru fram um það að 10 % af veiðimönnum veiði helming aflans, þær eru hráar, ómatreiddar og menn gleypa þær hráar og leita ekki sannleikans.

Um undanfarin ár hefur verið margra ára lágmark á rjúpu um allt vestavert landið og Vestfirði og það er helst og aðallega vegna viðvarandi ofveiði, sem þetta ástand er svo langdregið. Þetta hefur náttúrlega áhrif á aflatölur manna. Síðari hluta aldarinnar var friðun algjörlega breitt vegna ranghugmynda sem studdar voru álitni vísindamanna og því hefur stofninn

nú í 50 ár aldrei verið alfriðaður. Enda ekki verið eins brýn þörf fyrir mikla veiði eins og var á fyrri hluta síðustu aldar þegar rjúpan var flutt út.

Í skoðanakönnun SKOTVÍS má sjá að 73% vilja banna sölu á villibráð, 27% vilja stytta veiði tímunn, 23,5% vilja banna hálfsjálfvirkar byssur, 76,5% vilja ekki banna hálfsjálfvirkar byssur. Margt fleira var kannað. Sigmar hefur annars ágætlega reynt að brýna sína menn til drengilegra samskipta við náttúruna og einna best hefur líklega gengið með skothylkin. En með pinnann í magasínið, það hefur ekki gengið eins vel. Það má á lygnum degi þegar skotin heyrast vel, stundum og jafnvel oft heyra að menn tæma byssuna alveg, og hálf sjálfvirkar byssur eru að verða algengar.

Rjúpan á í vök að verjast sífellt fleiri sækja að henni á sífellt fleiri jeppum, vélsleðar og fjórhjól eru mjög fáséð, sexhjól enn sjaldgæfari.

Friðunaraðgerðir verða að vera markvissar og koma rjúpunni að gagni.

Aðgerðir sem miða að því að takmarka veiðar sumra en ekki allra og hamlandi aðgerðir sem eiga að bitna á sumum en ekki öllum og koma svo rjúpunni að engu gagni, eiga engan rétt á sér. Þar er verið að ganga erinda áróðursmanna, en ekki verið að vernda rjúpnastofninn.

Hér að ofan er verið að vísa til banns við sölu á villibráð og bann við akstri vélsleða og fjórhjóra en ekki bifreiða.

Einu aðgerðirnar sem hægt er að réttlæta til friðunar rjúpunni eru þær aðgerðir sem ótvírætt koma henni að gagni en ekki sumum veiðimönnum og öðrum ekki.

Það eru ákveðnir þættir sem teljast þar ótvíræðir og aðkallandi. Rjúpunna á einungis að skjóta með einsskota einhleypu eða tvíhleypu. Verð þeirra er ágætlega viðráðanlegt fyrir hvern sem er. Þessi vopn dugðu til þess að skjóta á hverju ári 200 þúsund. rjúpur á fyrri hluta síðustu aldar og langofast var það einsskota byssa. Slík byssa í höndum byrjenda er miklu ljúfara verkfæri heldur en 5 skota hálfsjálfvirk byssa, og hvetur þá til þess eins að þjálf sig og vanda, það er skelfing leiðinlegt hvort sem menn eru vanir eða óvanir, ungir eða gamlir, þegar menn gera engan greinarmun á því að fara á skytteri eða veiðar. Hér þarf engin magasín að krumpa ef sett er regla um aðrar byssur.

Annað aðalatriði er stytting veiðitímans. Í töflunni frá 1979 sést greinilega að 15. – 21. október skutu 16 veiðimenn 437 rjúpur en þar á eftir til loka tímans 439 rjúpur. Rjúpnaveiðitíminn ætti að vera við eðlilegar stofnaðstæður frá 25. október til 15. eða 20. desember. Mjög slakur stofn þarf meiri friðun.

Veiðimönnum fjölgar og þá eðli málsins samkvæmt einna mest í borg og þéttbýli. Aukin ásókn í rjúpunna getur náttúrulega orðið til þess að hana þurfi að friða meira en verið hefur, þá annaðhvort með alfriðun eða styttri veiði tíma.

Þá væri það einnig sterk friðunaraðgerð að skrá enga veiði eftir veiðisvæðum. Alveg er ljóst að skráning og birting SKOTVÍS á aflatölum leiðir til ofsóknar á svæði þar sem best veiðist.

En að ætla að taka einhver réttindi af landeigendum og bændum til þess að borgarbúar þurfi ekki að lúta þeirri kúgun að veiðitími rjúpunnar verði stytur, það er af og frá.

Það var mjög brýnt hér áður að selja rjúpunna til útflutnings. Það hvarflaði ekki að mönnum að þess vegna ætti ekki að friða hana.

Það er mjög skynsamlegt hjá SKOTVÍS að vera á móti friðun. Annars gæti svo farið að ekki þyrfti að fara nema eina veiðiferð á hausti til þess að veiða jólarjúpunnar.